

Fundarstaður: Flóaskóli
Fundardagur: 16.9.2014 Fundur nr.78
Fundartími: 16:30-18:30
Fundarmenn: Anný Ingimarsdóttir – T-listinn
Jóna Björg Jónsdóttir - Leikskólastjóri
Anna Greta Ólafsdóttir – Skólastjóri Flóaskóla
Bryndís Rósantsdóttir – Fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar
Margrét Jónsdóttir – F-listinn
Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir – Fulltrúi foreldra barna í Krakkaborga
Hilda Pálmadóttir – F-listinn
Mareike Schacht – F-listinn
Sigurður Ingi Sigurðsson – Fulltrúi foreldra barna í Flóaskóla
Agnes Harpa Hreggviðsdóttir – Fulltrúi kennara

1. Málefni Krakkaborgar.

Skýrsla leikskólastjóra

Fræðslunefnd tekur undir með leikskólastjóra að þörf sé á því að slá gras á útisvæði, fjarlægja sinu og gengið þannig frá að svæðið komi vel undan vetri næsta vor.

Öryggishandbók leikskóla

Rætt um rafræna öryggishandbók sem Menntamálaráðuneytið hefur gefið út. Ákveðið að skoða þessa handbók betur fram að næsta fundi með þann möguleika í huga að Flóahreppur nýti þessa í stað þess að útbúa sína eigin.

2. Málefni Flóaskóla.

Skýrsla skólastjóra

Tilboð skólastjóra um að halda kynningu á aðalnámsskrá grunnskóla samþykkt, og að kynningin verði opin fyrir foreldra.

Starfsáætlun Flóaskóla lögð fram til samþykktar. Starfsáætlun samþykkt.

Rætt um val í 8-10 bekk og þá breytingu að taka hluta þess samfellt yfir heila helgi.

Rætt um skólapúslinn og umbótaáætlun.

Mánaðarskýrsla skólastjóra lögð fram.

Nemendur með lögheimili utan sveitarfélagsins

Verkferli þessara umsókna rætt.

Rætt um verkferla og hlutverk fræðslunefnd gagnvart sveitarstjórn almennt.

T.d. varðandi trúnaðarmál. Eru þau bæði tekin fyrir af fræðslunefnd og sveitarstjórn?

Hilda nefndi að það megi ekki halda vinnufundi þar sem aðeins kjörnir fræðslunefndarfulltrúar koma fyrir – en áheyrnarfulltrúar sitja ekki.

3. Erindisbréf fræðslunefndar

Erindisbréfið rýnt. Hilda nefndi að hægt sé að endurskoða það ef þörf er á.

Nokkrar breytingar gerðar sem verða sendar sveitarstjórn til umfjöllunar.

Anna Greta bendir á að gott sé að kynna sér [reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins](#).

4. Trúnaðarmál Flóaskóla

Trúnaðarmál tekið fyrir og fært í trúnaðarbók.

MS
JBJ, HH
ÁVÓ
B.R.
AZ
IYA
APP

5. Mál til kynningar.

Stóra upplestrarkeppnin – kynnt.

Allir lesa verkefnið – kynnt.

Málþing sambands sveitarfélaga „Hvað fékkstu á prófinu“. Hilda sótti málþingið og lét vel.

6. Önnur mál.

Rætt og samþykkt að þegar trúnaðarmál Flóaskóla eru rædd þá víki fulltrúar Krakkaborgar af fundi og eins varðandi málefni Krakkaborgar að þá víki fulltrúar Flóaskóla af fundi.

Fundartími fræðslunefndar

Ákveðið að fræðslunefnd fundi þriðja þriðjudag í hverjum mánuði. Erindi þurfa að berast með 2 daga fyrirvara.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 21.okt kl.16:30

Fundi slitið kl.19:00

Ólafur Ólafsson
Maríke Elhadít
Anný Jónmarsd.
Jón Björn Jónsdóttir
Harpa Heggvatsdóttir
Bryndís Þórunn
Margrét Þórunn
Ídunn Þ. Ág.
Ágúst Valgarð Ólafsson
Anna Lúta Ólafsd.